

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húsavíkurbæ árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald árið 2005, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir:

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald kr. 13.500 á hverja íbúð.

B) Fyrirtæki:

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	14.700
b)	29.400
c)	58.800
d)	117.600
e)	235.200
f)	470.400
g)	940.800

C) Frístundahús:

Sorpeyðingargjald kr. 2.800 á hús.

D) Lögbýli:

Sorpeyðingargjald kr. 19.000 á býli.

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541 frá 25. júlí 2000 og gildir fyrir árið 2005.

Húsavík, 19. janúar 2005.

Vígús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2004.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 29. nóvem-